Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar 3.nóvember 2026

Í kubbinum í Nýsköpunarsetrinu kl 20:00

Fundur nr: 288

Mætt: Rakel Sunna, Oddvör, Ísabella Líf, Helgi Rafn, Logi Rafn, Benjamín, Björn Þengill, Emil Þór, Víkingur Hrafn, Ástríður Ösp, Guðrún Telma, Júnía Ísabella, Steinunn Björk, Elísa Ósk, Hildur Freyja, Þóra, Karólína Bríet, Agnes Sigríður.

Starfsfólk: Svala Eyjólfsdóttir (ritar) og Þórunn Þórarinsdóttir

Dagskrá fundar:

1. **Kynning á Áhrifadögum ungmenna, ráðstefnu á vegum Unicef í Hofi á Akureyri**
2. **Kynning á safnfræðslu fyrir ungmenni**
3. **Eftirfylgni tillagna Ungmennaráðs til Bæjarstjórnar**
4. **Ungmennaþing 17.nóvember**
5. **Alþjóðadagur barna 20.nóvember**
6. **Önnur mál**

1.Kynning – Oddvör og Ísabella
Oddvör, Ísabella, Guðrún og Steinunn fóru ásamt starfsfólki á Áhrifadaga ungmenna, ráðstefnu á vegum Unicef. Oddvör og Ísabella voru í undirbúningsnefnd Unicef ásamt Þórunni, verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags hjá Hafnarfirði. Ráðið fékk kynningu á viðburðinum og þeirri vinnu sem ungmennin inntu af hendi og sýn Unicef á hvernig verði unnið áfram með niðurstöður ráðstefnunnar.

2.Safnfræðsla Byggðasafns Hafnarfjarðar
Byggðasafnið óskar eftir því að halda vinnustofu með ungmennaráði og kynna fyrir þeim safnfræðsluna sem Byggðasafnið býður upp á fyrir börn og ungmenni. Markmiðið er að auka aðsókn á söfnin og minna á að frítt er á söfn Byggðasafnsins. Óskað eftir skráningu frá fulltrúum í heimsóknina.

3.Eftirfylgni tillagna Ungmennaráðs til Bæjarstjórnar
Þann 11. Mars 2026 flutti Ungmennaráð 11. tillögur fyrir Bæjarstjórn á tillögufundi Bæjarstjórnar og Ungmennaráðs. Tillögunum var vísað áfram til umræðu í viðeigandi nefndum. Logi og Ísabella buðu sig fram til þess að hitta Þórunni og Svölu næsta dag og vinna að fyrirspurn til að senda á Fræðsluráð um hver staðan sé á tillögunum í dag og hvort búið sé að afgreiða einhverjar þeirra.

4.Ungmennaþing 17.nóvember
Umræða um ungmennaþing sem verður haldið í Lækjarskóla 17. nóvember

næstkomandi. Unnið að skipulagningu og uppsetningu á viðburðinum. Ákveðið að fulltrúar fari inn í bekki í sínum skólum til að kynna þingið. Upp kom sú hugmynd að þátttakendur fengju mætingarstig í sinni félagsmiðstöð fyrir þátttöku í þinginu. Þórunn sendir fyrirspurn á verkefnastjóra félagsmiðstöðvanna varðandi það.

5.Alþjóðadagur barna 20. Nóvember
Til stendur að fulltrúar ungmennaráðs tendri blá ljós á hjartaskreytingu í Firði kl. 18 þann 20. nóvember í tilefni af Alþjóðadegi barna. Rætt um skipulag og hvaða fulltrúar geti tekið tendrunina að sér.

6.Önnur mál
- Svala kynnir nýja vinnuaðstöðu í glerrými við inngang í húsinu sem Ungmennaráð getur nýtt sér á vinnufundum og til að hittast í utan formlegs fundartíma
- Þórunn kynnir stýrihóp Barnvæns sveitarfélags fyrir áhugasömum fulltrúum
- Vinna að kynningarmálum fyrir Ungmennaráð og Ungmennaþing í smærri hópum

Fundi slitið kl. 21:35